

REGLUGERÐ

um takmarkanir á þorskveiðum í nóvember og desember 1979.

1. gr.

Á tímabilinu 20. desember til 31. desember 1979, að báðum dögum meðtöldum, er öllum skipum öðrum en skuttogurum með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskipum, sem eru 39 metrar og lengri, óheimilt að stunda þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

2. gr.

Skuttogarar með aflvél 900 bremsuhestöfl eða stærri og togskip, sem eru 39 metrar og lengri, mega ekki stunda þorskveiðar í 23 daga samtals á tímabilinu 1. nóvember til 31. desember 1979. Útgerðaraðilar geta ráðið tilhögun þessara veiðitakmarkana, þó þannig, að hver togari verður að láta af þorskveiðum ekki skemur en 7 daga í senn.

3. gr.

Tilhögun veiðitakmörkunar samkvæmt 2. gr. skal tilkynnt sjávarútvegsráðuneytinu áður en hún hefst hverju sinni. Verði slíkar áætlanir ekki látnar í té, getur ráðuneytið ákveðið, hvenær viðkomandi togarar skuli láta af þorskveiðum. Útgerðaraðilar eru bundnir við áætlanir sínar og verða að leita samþykkis ráðuneytisins, ef þeir vilja breyta þeim.

4. gr.

Við ákvörðun á því, hversu lengi skip láta af þorskveiðum hverju sinni gilda eftirfarandi reglur:

1. Sé skip að hefja tímabil, sem það stundar ekki þorskveiðar á, miðast upphaf tímabils við þann tíma er skip kemur í höfn til löndunar.
2. Sé skip að ljúka tímabili, sem það stundar ekki þorskveiðar á, miðast lok tímabilsins við þann tíma, er skipið heldur til þorskveiða á ný.
3. Sigli skip með afla til löndunar erlendis og reynist þorskur yfir 15% af heildarflanum, telst sá tími er fer í siglingar ekki með í tímabili veiðitakmörkunar á þorski.

5. gr.

Á þeim tíma, sem fiskiskip mega ekki stunda þorskveiðar skv. 1.—3. gr. má hlutdeild þorsks í heildarafla hvernar veiðiferðar ekki nema meiru en 15%. Þorskaflí undir þeim mörkum skoðast sem löglegur aukaafli, en fari þorskaflí hvernar veiðiferðar fram úr 15% af heildarafla, verður það sem umfram er, gert upptækt samkvæmt lögum um upptöku ólöglegs sjávarafla.

6. gr.

Komi fiskiskip með afla að landi á tímabili því sem þorskveiðar eru bannaðar samkvæmt 1.—3. gr., og hlutfall þorsks í aflanum reynist hærra en 15%, skal svo lítið á, að hér sé um ólöglegan afla að ræða, og hann gerður upptækur sbr. 5. gr., nema í ljós komi, að veiðar hafi ekki verið stundaðar á þeim tíma, sem þorskveiðar eru óheimilar samkvæmt 1.—3. gr. Sama gildir komi fiskiskip að landi eftir lok tímabilsins skv. 1.—3. gr. hafi afli að einhverju leyti fengist á tímabilinu.

7. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Brot á reglugerð þessari varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæða laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnnsins og ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. október 1979.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurhreppi Norður-Ísafjarðarsýslu.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 19. gr. hefur ráðuneytið hinn 1. október 1979 staðfest þá breytingu á áður staðfestu skipulagi í Súðavíkurhreppi að:

Í stað opinberrar byggingar og verslunarhúss á lóðunum Aðalstræti 2 og 8 komi tveggja hæða fjölbýlishús og í stað verslunarhúss á lóðinni Aðalstræti 4 verði gert ráð fyrir opinberri byggingu.

Félagsmálaráðuneytið, 1. október 1979.

F. h. r.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

Jón Sigurpálsson.

REIKNINGUR

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum fyrir árið 1978.

Rekstrarreikningur fyrir árið 1978.

I. Iðgjöld:

Iðgjöld ársins	kr. 1 675 023 110
Endurtryggingariðgjöld	— 958 822 275

Eigin iðgjöld kr. 716 200 835

II. Tjón:

Tjón ársins	kr. 1 145 036 730
Hluti endurtryggjenda í tjónum	— 670 640 793

Eigin tjón kr. 474 395 937

Iðgjöld ÷ Tjón kr. 241 804 898